



## Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu þriðjudaginn 25.11.2014 kl. 17:15

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI) Sigurður Bjarnason (SB), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir. Einnig sat fundinn Jóhannes Egilsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina og Páll Grétarsson fjármálastjóri. Viðar Erlingsson boðaði forföll.

### Fundargerð

Formaður, Jóhann Steinar Ingimundarson setti fund og stýrði.

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

- Fundargerð aðalstjórnarfundar frá 29. október var lögð fyrir og samþykkt.

#### 2. Tillaga að nýju bókhaldskerfi: Kynning frá Retis og D4

- Gunnhildur Valgeirsdóttir kynnti vinnu sína við mat á hvaða bókhaldskerfi væri skynsamlegast fyrir Stjörnuna að taka upp.
  - Mælt er með að Stjarnan taki upp Navision með sérstaklega forritaðri Nóra lausn sem Gerpla tók upp.
- Kristinn Sigurbórsson hjá D4 fór ofan í kerfið og helstu kosti þess.
- Góðar umræður áttu sér stað um kosti og galla.

#### 3. 10. mánaða uppgjör

- Fjármálastjóri lagði fyrir og kynnti 10 mánaða uppgjör félagsins.
  - Uppgjörið var samþykkt.

Fjármálastjóri yfirgaf fundinn.

#### 4. Fjárhagsáætlanir

- Framkvæmdastjóri lagði fram drög að áætlun ársins 2015 fyrir aðalstjórn og vallarsjóð.
  - Farið var yfir nokkrar sviðsmyndir verkefna:s:
    - Yfirtaka á á færslu bókhalds félagsins frá endurskoðanda, ráðningu starfsmanns og öðrum kostnaði sem fylgir aðgerðinni.
      - a. Samþykkt var að fara í innleiðingu á Navision bókhaldskerfinu og framkvæmdastjóra falið að vinna það með Retis og D4
      - b. Umræður fóru fram um útfærslu framkvæmdar, starfshlutfall bókara eða verktaka til að sinna bókhaldinu tímabundið áður en við tökum það alfarið yfir.
      - c. Ákveðið var að framkvæmdastjóri, fjármálastjóri og gjaldkeri vinni sameiginlega að útfærslunni.
  - Farið var yfir áhrif þess að aðalstjórn taka yfir starfsmann fimleikadeildar og um leið styrkja skrifstofuna.
  - Einnig farið ofan í sérstök verkefni, kostnað við breytingu á starfsmannaðstöðu og miðlæga hýsingu gagna í skýi.
  - Farið var ofan í áætlun Vallarsjóðs



- Töluverður kostnaðarauki hefur verið á vallarstarfinu m.a. vegna Evrópukeppni. Af þeim sökum kann að vera nauðsynlegt að endurskoða reiknaða sjálfboðavinnu til mfl. karla svo reksturi vallarsjóðs verði ekki neikvæður.
  - a. Gjaldkera og framkvæmdastjóra var falið að kynna formanni mfl. ráðs karla stöðuna fyrir næsta aðalstjórnarfund svo hægt sé að útfæra áætlanir í takt við markmið félagsins.
- Aðalstjórn lagði til að öll þau verkefni sem voru kynnt verði sett í áætlun næsta árs og fjármögnun aðalstjórnar vegna þeirra verði útfærð með mögulegri hækkun æfingagjalda.

## 5. Skýrsla framkvæmdastjóra

- Tillögur fjárhagsnefndar - aðgerðaplan
  - Framkvæmdastjóri fór yfir tillögur að aðgerðaplani
    - Samþykkt var að taka inn bókhaldskerfið sbr. 4. tl.
      - a. Markmiðið er að undirbúningsvinna fari fram í desember og hægt sé að byrja bóka í janúar.
    - Ráðning bókara
      - a. Lagt var til að gjaldkeri, framkvæmdastjóri og fjármálastjóri vinni að útfærslunni sbr. 4. tl.
        - i. Ritari lagði ríka áherslu á að taka inn starfsmann strax til að bóka í stað þess að brúa bilið með því að vera með verktaka í vinnu í byrjun. Samband við verktaka er með allt öðrum hætti en við bókara og ekki eins árangursríkt að hennar mati og reynslu.
    - Skrifstofa hefur nú þegar tekið upp að senda reikninga í gegnum heimabanka fyrir deildirnar
    - Samninganefnd
      - a. Framkvæmdastjóri lagði til að sett verði upp samninganefnd sem mönnum er af hópi lögfræðinga og fjármálastjóra með það að markmiði að samræma samninga félagsins, við starfsfólk, leikmenn og alla þjálfara; yfirþjálfara, þjálfara og aðstoðarþjálfara.
      - b. Nefndin taki til starfa í febrúar 2015.
      - c. Starfsmaður nefndarinnar verði fjármálastjóri félagsins
      - d. Aðalstjórn fól framkvæmdastjóra að koma með tillögur að nefndarmönnum og í kjölfarið að gangast í verkefnið
    - Tillaga til aðalfundar um endurskoðanda
      - a. Lagt er til að reyna að komast hjá því að gera breytingar á endurskoðanda félagsins á sama tíma og gengist er í breytingar á færslu bókhaldsins þar sem það er talið styrkja félagið í innleiðingunni að hafa endurskoðanda sem þekkir til félagsins.



- b. Framkvæmdastjóra falið að kalla eftir tilboði frá núverandi endurskoðanda
- Miðlæg gagnþjónusta við sjálfboðaliða
    - a. Farið yfir hugmyndir að lausnum um vistun gagna og að slíkt yrði tekið upp á nýju ári svo framarlega sem fjárhagsáætlun aðalstjórnar verði samþykkt.
  - Yfirþjálfarafundur
    - a. Aðalstjórn var gerð grein fyrir fyrsta fundinum með öllum yfirþjálfurum félagsins.
  - Erindi frá barna- og unglingaráði knattspyrnudeildar
    - a. Barna- og unglingaráð knattspyrnudeildar hefur verið með æfingar fyrir 8. fl stúlkna og drengja í Sporthúsinu síðustu tvö ár. Afnot hafa verið endurgjaldslaus fram að þessu.  
  
Þar sem mikil fjölgun hefur orðið á iðkendum í þessum aldursflokki þá hefur knattspyrnudeildin þurft að bæta við velli og hefur nú tvo velli til afnota í hádeginum á sunnudögum. Eins og staðan er nú eru um 90 börn á aldrinum 3-6 ára skráð í flokkinn.  
  
Kostnaður vegna afnota frá hausti fram á vor er kr. 199.500 kr – Gerðir verða tveir reikningar, annars vegar fyrir 2014 og hins vegar fyrir 2015.  
  
Barna- og unglingaráð knattspyrnudeildar óskar eftir því að þessi kostnaður verði greiddur af Garðabæ.
- Erindinu var vísað frá þar sem í gildi er samningur við Garðabæ sem felur í sér afnot af mannvirkjum og beinum fjárhagsstyrkjum sem berast til flokka samkvæmt fyrirbyggjandi regluverki.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:15. Ritað J.Egils